

# Nýburagula

## Meðferð með ljósateppi heima

Nýburagula stafar af bilirubini sem er gult litarefni. Það myndast við niðurbrot rauðra blóðkorna í lifur og skilst út með hægðum. Hjá nýburum er lifrin ekki fullþroskuð og nær ekki að brjóta litarefnið niður svo það sveimar í blóðinu og getur valdið gulum litarhætti og slappleika hjá barni. Yfirleitt lagast þetta af sjálfu sér innan fárra daga en ef það gerist ekki þarf að beita ljósameðferð til að fyrirbyggja alvarlegar afleiðingar fyrir þroska barnsins.

Ljósameðferð flýtir fyrir niðurbroti bilirubins í blóði. Hægt er að veita hana í heimahúsi með ljósateppi sem barnið er klætt í.



## Timalengd meðferðar og eftirfylgd

Ljósameðferð getur varað frá einum sólarhring upp í nokkra daga. Barni, sem er í ljósameðferð í heimahúsi, er fylgt eftir daglega af starfsfólki Vökudeildar 23D á Barnaspítala Hringsins og heimaljósmóður. Fylgst er með blóðgildum bilirubins með daglegum blóðsýnum en þau eiga að lækka við ljósameðferð. Nýburalæknar taka ákvörðun um hvenær ljósameðferð er hætt og hvort barnið þurfi eftirlit eftir að ljósameðferð lýkur.

### Atriði sem foreldrar nýbura í ljósameðferð þurfa að hafa í huga:

<b>Notkun ljósateppis</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Á meðan á ljósameðferð stendur er mikilvægt að barnið sé eins mikið í ljósateppinu og hægt er. Hægt er að halda á barninu í teppinu og gefa brjóst.</li> <li>Ekki hafa barnið í ljósateppinu nálægt rennandi vatni, til dæmis í eldhúsi eða baðherbergi.</li> </ul>
<b>Áhrif á augu barns</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Barnið fær augnhlíf með sér heim sem hægt er að setja á það til að verja það fyrir birtunni frá teppinu. Birtan er þó ekki hættuleg sjón. Því má sleppa augnhlífinni ef barninu þykir hún óþægileg.</li> </ul>
<b>Klæðnaður barns</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hafa barn einungis á bleyjunni á meðan það er í ljósateppinu.</li> </ul>
<b>Eftirlit með hita barns</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fylgjast þarf með hita að minnsta kosti þrisvar sinnum yfir sólarhringinn. Eðlilegur líkamshiti er 36,5-37,5°C. Hafið samband við ljósmóður í heimaþjónustu eða Vökudeild ef hiti er utan þessara marka.</li> </ul>
<b>Næring barns</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gefa brjóst oft eða gefa ábót meðan á ljósameðferð stendur til að barnið nærast vel. Ef barn er þreytt og hefur ekki kraft til að taka brjóst getur þurft að gefa ábót (brjóstamjólk eða þurrmjólk) með staupi eða pela.</li> </ul>
<b>Hægðir barns</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hægðir barna í ljósameðferð geta breyst í útliti og tíðni við ljósameðferðina og er það eðlilegt.</li> </ul>
<p>Hafið samband við hjúkrunarfræðinga og ljósmæður á Vökudeild eða heimaþjónustu ef frekari upplýsingar vantar til dæmis í sambandi við næringu barns.</p>	

## Ljósmeðferð hafin í heimahúsi

### 1 Uppstilling tækis fyrir ljósateppið

1. Setjið ljósboxið (mynd 1) á flatt og stöðugt yfirborð.
2. Passið að hindra ekki loftop (mynd 2) sem eru á hliðum og að aftan.
3. Notið ekki ljósboxið nálægt öðrum raftækjum.
4. Passið að nýburinn sé ekki nær ljósboxinu en 30 cm.



Mynd 1: Ljósbox



Mynd 2: Loftop á ljósboxi


### 2 Tæki sett í samband

1. Setjið rafmagnssnúruna í innstunguna aftan á tækinu (mynd 3).



Mynd 3: Innstunga á tæki


2. Tengjið ljósateppið við ljósboxið með því að stinga tenginu (1) í innstunguna framan á tækinu (2) eins og sést á mynd 4.



Mynd 4: Tenging tækis við ljósateppi

### 3 Barni komið fyrir (mynd 5)

1. Setjið barnið á setsvæðið á teppinu (1).
2. Setjið neðri hlutann (2) yfir bleyjuna og festið með franska rennilásnum (3).
3. Setjið efri hluta ljósateppisins (4) yfir barnið og festið með frönskum rennilásnum til hliðar (5) og yfir axlir (6).
4. Passið að höfuð barnsins standi upp úr ljósateppinu.
5. Ef barnið svitnar má opna ljósamottuna til hliðanna (5) til að auka loftun.



Mynd 5: Barni komið fyrir í ljósateppi

#### 4 Ljósameðferð hafin (mynd 6)

1. Kveikið á tækinu með því að ýta á svarta takkann á framhlið tækisins (1).
2. Stillið meðferðartímann á 36 klukkustundir með því að ýta á + eða – (2). Tækið hefur meðferð sjálfkrafa eftir 5 sekúndur.
3. Athugið bláu línuna (3):
  - a. Samfellt ljós: Ljósameðferð í gangi.
  - b. Blikkandi ljós: Ljósameðferð stillt, en teppi ótengt.
  - c. Ekkert ljós: Engin meðferð í gangi né stillt.
4. Fylgist með ljósum hér (4) með tilliti til ofhitnunar. Ef eitthvað af eftirfarandi gerist, hættið þá notkun á tækinu:
  - a. Stöðugt ljós: Vifta biluð.
  - b. Blikkandi ljós: Ofhitnun á ljósaboxi meðan á meðferð stendur.



Mynd 6: Ljósabox, framhlið

#### 5 Hlé gert á meðferð

1. Slökkvið á tækinu (1) til að gera hlé á meðferð, t.d. ef baða á barnið.
2. Kveikið á tækinu (1). Þá hefst meðferð aftur þar sem frá var horfið.

#### Mikilvægt að hafa í huga

- Haldið gjarnan á barninu í ljósateppinu þegar þið eruð vakandi, en ef þið eruð þreytt eða þurfið að sofa, á barnið að liggja á bakinu í vöggju eða rúmi. Það má leggja teppi eða sæng yfir barnið á meðan það er í ljósateppinu.
- Slökkvið alls ekki á tækinu með því að aftengja teppið frá ljósboxinu.
- Passið að það snúist ekki upp á tengibarkann. Í mesta lagi má vera einn snúningur á honum.
- Passið að það skíni ekki sólarljós á tækið þar sem það getur ofhitnað.

**Hafið samband við Vökudeild eða heimaljósmóður ef:**

- Barn er of slapt til að drekka.
- Ef tækið virkar ekki eins og það á að gera skv. leiðbeiningum.
- Ef hiti barns er fyrir utan viðmiðunarmörk.
- Ef barn hefur ekki vætt bleyju í meira en átta klukkutíma.
- Ef þið sem foreldrar eða forráðamenn hafið einhverjar áhyggjur varðandi barnið eða ljósamedferðina.

**Í neyðartilfellum svo sem ef barn fær krampa er hringt í 112**

**Símanúmer**

Vökudeild 23D

543 3770 og 543 3771

Skiptiborð Landspítala

543 1000

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI

MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU

FEBRÚAR 2024

LSH-4395

ÁBYRGÐARMENN:

DEILDARSTJÓRI OG YFIRLÆKNIR

VÖKUDEILDAR

HÖNNUN:

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

LANDSPÍTALA